

## Oddur Kr. Finnbjarnarson

---

**From:** Bjarni Kjartansson <bjarnik@shs.is>  
**Sent:** mánudagur, 13. ágúst 2018 16:34  
**To:** thormodurs@hafnarfjordur.is  
**Cc:** Oddur Kr. Finnbjarnarson; Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
**Subject:** Lokun Herjólfsgötu til norðurs, mál nr. 18-5076

Sæll þormóður.

Að beiðni Odds Finnbjarnarsonar hef ég skoðað hugmynd um lokun Herjólfsgötu við gatnamótin að gamla Álftanesvegi. Leiðin um gamla Álftanesveginn hefur verið farin af sjúkra- og slökkvibílum um langt árabíll, enda er hún mun greiðfærari en aðrar leiðir sem standa til boða. Við það að gamli Álftanesvegurinn fari úr stofnbraut í tengibraut með aðliggjandi íbúðargötum, skerðir að sjálfsgöðu greiðfærni þeirrar leiðar þótt umrædd lokun verði ekki að veruleika. Ég vil því bera saman núverandi leið með gamla Álftanesveginn sem tengibraut og eina raunverulega valkostinn um Hjallabraut og Skjólvang.

1. Núverandi akstursleið er 2,5 km frá slökkvistöð við Skútahraun og að innkeyrslu að aðalbyggingu Hrafnistu og er reiknaður aksturstrími skv. korti á ja.is er um 3 mínútur. Þar af er akstursleið um tengibraut í fyrirhuguðu íbúðarhverfi um 700 metrar, frá hringtorgi og að gatnamótum við Herjólfsgötu. Á leiðinni eru tvær beygjur, ein umferðarljós og eitt hringtorg.
2. Hinn valkosturinn er akstursleið um Hjallahraun, Hjallabraut og Skjólvang og þaðan inn á Herjólfsgötu. Sú akstursleið er 2,4 km en aksturstrími reiknast um 5 mínútur. Þar af er akstursleið í gegnum íbúðarhverfi um 1,3 km. Á leiðinni eru þrjár beygjur, tvenn umferðarljós, þrjú hraðahindranir og tvö hringtorg.

Leiðin um Hjallabraut og Skjólvang er afgerandi lakari kostur heldur en núverandi leið um gamla Álftanesveginn. Hún liggur að auki í gegnum sýnu fjölmennara íbúðarhverfi en það sem ætla má að geti orðið við uppbyggingu sitt hvoru megin við Álftanesveg á akstursleið slökkviliðs. Ver er að benda á að árið 2017 voru 32 sjúkraútköll á Hrafnistusvæði og er umtalsverð uppbygging fyrirhuguð á svæðinu þannig að ætla má að útköllum geti aðeins fjölgað.

Vel má skilja það sjónarmið Garðabæjar að vilja almennt draga úr gegnumakstri í íbúðarhverfi. Í ljósi ofangreindra skýringa telur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins rétt að fara frekar þá leið að banna akstur að og frá Herjólfsgötu um gamla Álftanesveginn. Slík leið hefur verið farin í Álalandi við Landspítalann í Fossvogi, en hluti götunnar er eingöngu ætlaður neyðarakstri. Hefur þetta almennt gefist vel þar og er ekki mikið um misnotkun á þeirri akstursleið.

Með kv.



Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík  
528-3000, [www.shs.is](http://www.shs.is)